

# Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar Kjarar lífeyrissjóðs um rekstur, lífeyrisgreiðslur og ráðstöfun eigna sjóðsins.

## Mánaðarlega

Markmið stjórnar Kjarar lífeyrissjóðs er að halda stjórnarfundum mánaðarlega. Á reglulegum stjórnarfundum er gerð grein fyrir eftirfarandi:

- Fundargerð síðasta fundar skal lögð fram og hún samþykkt og undirrituð.
- Eignasamsetning sjóðsins, breytingar frá síðasta fundi, frávik frá fjárfestingarstefnu og lagamörkum skulu færð til bókar ef einhver eru.
- Gera skal grein fyrir ávöxtun sjóðsins sl. mánuð og frá áramótum.
- Framkvæmdastjóra ber ávallt að gera grein fyrir samskiptum við eftirlitsaðila sjóðsins og aðra opinbera aðila (s.s. Fjármálaeftirlitið, Fjármálaráðuneyti og Seðlabanka). Framkvæmdastjóra ber að leggja fyrir stjórnina allar skýrslur sem sendar eru til Fjármálaeftirlitsins og einnig að leggja fram til bókunnar öll formleg samskipti við eftirlitsstofnanir. Sérstaklega skal gera grein fyrir skýrslu um sundurliðun fjárfestinga sem skila skal þriðja hvern mánuð til FME.

## Hálfsárlega

### Rekstrarkostnaður sjóðsins:

- Eftir fyrstu sex mánuði ársins skal kynna ávöxtun fyrri helmingis ársins og áætlaða kostnað sjóðsins á tímabilinu.



### Lífeyrisgreiðslur:


- Eftir fyrstu sex mánuði ársins og í upphafi nýs árs skal kynna fyrir stjórn yfirlit yfir lífeyrisgreiðslur. Á yfirlitinu skal vera samanburður við fyrra ár og áætlun fyrir yfirstandandi ár.

## Árlega

- Gera grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðunum miðað við lok hvers árs. Í henni skal m.a. tilgreina fjölda greiðandi sjóðfélaga, fjölda sjóðfélaga með réttindi og réttindi sjóðfélaga í árslok ásamt upplýsingum um skuldbindingar sjóðsins vegna áunninna réttinda og framtíðarréttinda.
- Gera grein fyrir ársreikningi sjóðsins
- Gera grein fyrir innri endurskoðun sjóðsins
- Að minnsta kosti árlega skal framkvæmdastjóri hafa frumkvæði að því að taka fjárfestingarstefnu sjóðsins til endurskoðunar.

Samþykkt af stjórn Kjarar lífeyrissjóð 16. mars 2010

  
  
Bjarni Þórhásson

  
Guðrún R. Þórhásson